

Ársskýrsla 2011

LÍFEYRISSJÓÐUR
VERKFRÆÐINGA



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Iðgjöld og lífeyrir	6
Áhættustefna.....	8
Fjárfestingarstefna	9
Tryggingafræðileg staða.....	10
Ávöxtun og þróun markaða	11
Verðbréfaeign og fjárfestingar	12
Sjóðfélagalán.....	13
Séreignardeild	14
Stjórn og starfsmenn.....	16
Áritun og skýrsla stjórnar.....	18
Áritun endurskoðenda	21
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	22
Efnahagsreikningur	24
Sjóðsstreymi.....	26
Skýringar.....	28
Kennitölur	33

► Ávarp stjórnarformanns

2011 var þriðja heila rekstrarár Lífeyrissjóðs verkfræðinga eftir hrun bankakerfisins 2008 og það fyrsta þar sem sjóðurinn náði jákvæðri raunávöxtun í öllum deildum samtryggingar og séreignar. Það er þess vegna hægt að fullyrða að okkur hafi miðað fram á við og er það vel. Afkoma samtryggingardeildarinnar var enn fremur sú besta í fimm ár þó að betur megi ef duga skal.

Á árinu hélt áfram það uppbyggingarstarf sem fyrri stjórn hóf, meðal annars með stefnumótunavinnu þar sem horft var til fjölmargra þátta sem áhrif geta haft og munu hafa á eðli og afkomu sjóðsins bæði til langs tíma og skamms. Hluti þeirra afurða sem urðu til í stefnumótunavinnunni voru kynnt á síðasta aðalfundi þar sem meðal annars var breytt kröfum til menntunar nýrra sjóðfélaga. Meðal annarra atriða sem tekin voru fyrir má nefna hlutverk sjóðsins, gildi hans og framtíðarsýn sem er sú „að ungir háskólamenntaðir sérfræðingar velji Lífswerk sem einn þriggja áhugaverðugustu lífeyrissjóða til að treysta fyrir lífeyrissparnaði sínum“. Að ná þessu markmiði er ekki sjálfgefið í ljósi þeirra hremminga sem sjóðurinn hefur lent í og þess umtals sem neikvæð afkoma hans á undangengnum árum hefur ítrekað leitt til. Það lýsir hins vegar metnaði og bjartsýni fyrir hönd sjóðsins en bjartsýni rímar einmitt vel við **jákvæðni** sem er eitt af þeim þremur gildum sem stjórn og starfsmenn sammæltust um við stefnumótunina. Hin eru **heilindi og ábyrgð** en það er trú mín að með þessi þrjú gildi, skýrt hlutverk og framtíðarsýn að leiðarljósi geti Lífeyrissjóður verkfræðinga átt farsæla framtíð.

Í stefnumótunavinnunni kom nafn sjóðsins einnig til umræðu en í ljósi þess að sjóðurinn hefur verið opnaður fyrir öðrum háskólamenntuðum sérfræðingum en verkfræðingum kann að vera eðlilegt að breyta og einfalda nafnið. Nokkur hefð er komin á notkun „Lífswerks“ til auðkenningar á sjóðnum og er það skoðun mín að eðlilegt sé að sjóðfélagar hugsi til þess að samþykkja þá nafnbreytingu formlega á aðalfundi 2013.

Þó að rekstrarumhverfi lífeyrissjóða hafi alls ekki boðið upp á mörg tækifæri á liðnu ári verður ekki hjá því komist að geta þess að hjá Lífswerki átti sér stað mikill viðsnúningur í flestum þáttum rekstrarins. Áður er getið bættrar afkomu sem samt sem áður getur ekki ennþá talist fullnægjandi, en einnig er rétt að geta þess að í fyrsta sinn frá árinu 2009 sat einn og sami einstaklingurinn í stóli framkvæmdastjóra allt árið. Þá var ráðinn til sjóðsins nýr fjármálastjóri, Rut Hreinsdóttir, á árinu 2011 auk þess sem staða lögfræðings sjóðsins var lögð niður í byrjun liðandi árs. Breytingar á umgjörð sjóðsins hafa þannig haldið áfram fram undir það síðasta en það er trú mín að nú hafi skapast meiri ró og góðar forsendur til enn betri rekstrar í framtíðinni.

Sé litið til framtíðar er það einnig mín skoðun að ástæða sé til að leita leiða til að stækka sjóðinn og skapa þannig forsendur fyrir auknu rekstrarlegu hagkvæmi en smæð hans í dag veldur því að hann stenst stærra sjóðum ekki snúning í því sambandi. Það er staðreynd að sjóðurinn lifir í samkeppnisumhverfi og er það vel og ýtir á að stöðugt sé leitað leiða til að styrkja hann og bæta afkomuna. Sjóðurinn þarf hins vegar líka að vera sýnilegur út á við, halda í núverandi sjóðfélaga og laða að sér nýja.

Enn sem komið er nýtur hann þess umfram marga aðra sjóði að hlutfall lífeyris af iðgjaldagreiðslum var ekki nema 20,4% og er því sjóðstreymið mjög jákvætt. Nýliðun og stækkun þarf hins vegar að fara fram á okkar eigin forsendum og má ekki verða til þess að sérstaða sjóðsins og styrkur raskist. Vert er að vekja athygli á því að á árinu var hannað og tekið í notkun nýtt merki fyrir sjóðinn, það fyrsta í sögu hans. Enn fremur var unnið að endurnýjun upplýsingakerfa og tekin í notkun ný vefsíða í lok mars 2012. Ásýnd sjóðsins hefur með þessu batnað mikið en einnig tel ég edlilegt að Lífeyrissjóður verkfræðinga verði ávallt leiðandi við að nýta sér nýjustu tækni í samskiptum og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Enn má bæta stöðu okkar í því sambandi.

Á árinu náðist eins og áður er komið fram jákvæð raunávöxtun í öllum deildum sjóðsins. Raunávöxtun samtryggingardeildarinnar var 1,1% og að teknu tilliti til rekstarkostnaðar var hrein raunávöxtun 0,9%. Enn eigum við þess vegna nokkuð í land til að ná meðalávöxtun lífeyrissjóða almennt þó að bilið hafi minnkað verulega frá árinu 2010. Í þessu sambandi er edlilegt að benda á að þó að niðurfærslur hafi lækkað umtalsvert frá árunum 2008 til 2010 námu þær eftir sem áður u.þ.b. 1,3% af heildarvirði samtryggingardeildarinnar og höfðu einnig neikvæð áhrif á afkomu Séreignarleiðar 1.

Varðandi íslenska lífeyrissjóðakerfið almennt langar mig að nota tækifærið til að koma á framfæri þeirri skoðun minni að það sé á flestan hátt mjög vel upp byggt til að sinna sínu hlutverki. Þau höft sem því eru búin í augnablikinu takmarka hins vegar möguleika þess til að ná tilsettum viðmiðum í afkomu auk þess sem endurtekin og óábyrg umræða um kerfið

á opinberum vettvangi hefur óhjákvæmilega neikvæð áhrif á það. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna þau höft sem sett eru við erlendum fjárfestingum. Auk þess að hindra edlilega áhættudreifingu verða gjaldeyrishöftin einnig til þess að auka eftirspurn eftir fjárfestingarkostum innanlands, lækka þannig ávöxtunarkröfu á markaði og auka líkurnar á eignabólu á meðan fjárfestingarkostir eru jafn fáir og raun ber vitni. Ég vil líka sérstaklega benda á aukna pólitíska og lagalega áhættu sjóðanna almennt sem birtist í síendurtekinni umræðu um hvernig grípa megi inn í rekstrarumhverfi þeirra með þvingandi aðgerðum varðandi skatta, flutning erlendra eigna til landsins og alls konar íhlutun um ráðstafanir eigna þeirra.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum sjóðsins og samstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjuleg og uppbyggileg samskipti á liðnu ári við úrlausn fjölmargra krefjandi verkefna. Þau eiga heiður skilinn fyrir þolgæði, þjónustulund og metnað sem sýndur hefur verið fyrir hönd sjóðsins.

[Valur Hreggviðsson](#)

[Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verkfræðinga](#)

► Iðgjöld og lífeyrir


Iðgjöld

Á árinu 2011 voru greidd iðgjöld til samtryggingardeildar að fjárhæð 2.213 m.kr. sem er aukning um 5,1% frá fyrra ári. Samtals greiddu 2.812 sjóðfélagar iðgjald í sjóðinn á árinu en meðalfjöldi virkra greiðenda í sjóðinn á árinu var 2.588 sjóðfélagar og fækkar um 7 frá fyrra ári. Fjöldi launagreiðenda sem greiddu í sjóðinn á árinu var 989.

	2011	2010	% breyting milli ára
Iðgjöld í m.kr.	2.213	2.105	5.1%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	2.588	2.595	-0.3%
Fjöldi sjóðfélaga sem greiddu í sjóðinn	2.812	2.803	0.3%

Lífeyrissjóður verkfræðinga er blandaður sjóður þ.e. hluti af lögboðnu iðgjaldi (12%) rennur í séreignarsjóð eða 2%, og 10% rennur í samtryggingarsjóð. Sjóðfélagar geta valið hvaða séreignarleið þeir vilja fyrir umframframlag eða óskað eftir að 12% framlagið renni í heild sinni í samtryggingarsjóð.

Meðalaldur virkra greiðenda í sjóðnum er 42,77 ár.




Aðild að sjóðnum

Sjóðfélagar geta orðið allir verkfræðingar og aðrir háskóla-menntaðir sérfræðingar. Almennt er miðað við að sjóðfélagar hafi lokið BS í raungreinum eða sambærilegu námi eða framhaldsnámi í háskóla (MBA, MS, MA, PhD eða sambærilega menntun).

VIRK endurhæfingarsjóður

Í september sl. var gerð sú breyting á lagaumhverfi lífeyrissjóða að þeim er gert skylt að innheimta 0,13% af heildarlaunum launþega og rennur það gjald til VIRK endurhæfingarsjóðs. Starfsemi VIRK felst í að aðstoða launþega sem lent hafa í tímabundinni örorku eða skertri starfsgetu að komast á vinnumarkaðinn aftur.



Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar námu 452 m.kr. á árinu 2011 og var það aukning um 4,1% frá fyrra ári. Hlutfall útgreiðslna af iðgöldum er með lægra móti miðað við aðra sjóði eða um 20% og er óbreytt milli ára. Lágt hlutfall útgreiðslna sjóðsins skýrist einkum af lágum meðalaldri sjóðfélaga og lágri örorkubyrði.

	2011	2010	% breyting milli ára
Lífeyrisgreiðslur	452	434	4.1%
Fjöldi lífeyrisþega	241	235	2.6%


Lífeyrisréttindi eru verðtryggð og taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs sem hækkaði um 5,2%. Á síðasta ári voru áunnin réttindi sjóðfélaga m.v. 31.12.2010 skert um 5% og kom sú skerðing til framkvæmda í byrjun árs 2012.

Alls eiga 3.968 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum í lok árs sem er 0,3% aukning frá fyrra ári. Þar af er hlutfall karla sem eiga réttindi í sjóðnum 79% og hlutfall kvenna 21%. Kynjahlutföll í sjóðnum hafa haldist nær óbreytt frá árinu 2008.


Hlutfallsleg skipting lífeyrisgreiðslna skiptust þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 79,4% af heildar lífeyrisgreiðslum ársins, makalífeyrir var 12,7%, barnalífeyrir var 1,4% og örorkulífeyrir var 6,5%.

Örorkutíðni sjóðfélaga er ennþá með því lægsta sem gerist. Það þýðir að sjóðurinn getur varið hærra hlutfalli af iðgjöldum til eftirlaunagreiðslna en margir aðrir sjóðir. Tryggingavernd er góð hjá sjóðnum og talsvert yfir lágmarkskröfum skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Tryggingavernd nær til örorku-, maka- og barnalífeyris og er t.a.m. makalífeyrir greiddur til a.m.k. 5 ára en lög kveða á um 2 ár.

Lífeyrir í m.kr.



Fjöldi lífeyrisþega



► Áhættustefna

Lífeyrissjóður verkfræðinga setti sér áhættustefnu á árinu 2011.

Tilgangur með áhættustefnu sjóðsins er að skilgreina skipulag, umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, að skilgreina þá áhættuþætti sem sjóðurinn vill fylgjast með og jafnframt að skilgreina hvernig fylgst verður með þessum áhættuþáttum.

Áhættunni er skipt í tvo flokka, fjárhagslega áhættu og rekstraráhættu. Þeim áhættuflokkum er svo skipt upp í eftirfarandi undiráhættuflokka:

Fjárhagsleg áhætta

Skuldbindingaáhætta

Skerðingaráhætta

Iðgjaldaáhætta

Kreppuáhætta

Lýðfræðileg áhætta

Pólitísk áhætta

Lausafjáraáhætta

Seljanleikaáhætta

Útstreymisáhætta

Mótaðilaáhætta

Skuldaraáhætta

Samþjöppunaráhætta

Landsáhætta

Markaðsáhætta

Vaxtaáhætta

Uppgreiðsluáhætta

Verðbreytingaráhætta

Gjaldmiðlaáhætta

Hætta á ósamræmi

Verðbólguáhætta

Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings

Rekstraráhætta

Áhætta vegna svika

Áhætta vegna upplýsingatækni

Orðsporsáhætta

Lagaleg áhætta

Úrskurðaráhætta lífeyris

Áhætta vegna úthýsingar

Upplýsingaáhætta

Afhendingaráhætta

Samspil áhættustefnu og fjárfestingarstefnu

Hlutverk fjárfestingarstefnu í áhættustýringu sjóðsins er að setja fram þau viðmið fyrir áhættuþætti sem sjóðurinn hyggst nota, sem og fjalla um og greina helstu áhættuþætti sjóðsins. Þar eru meðal annars sett fram ítarleg viðmið fyrir samþjöppunaráhættu sem sjóðnum ber að framfylgja. Í árlegri fjárfestingarstefnu sjóðsins er jafnframt farið yfir helstu áhættuþætti fyrir utan rekstraráhættu.

Markaðsáhætta

Ársfjórðungslega gerir sjóðurinn ítarlega markaðsáhættuskýrslu en þar eru farið ofan í þá áhættuþætti sem taldir eru upp hér að ofan undir markaðsáhættu.

Ýmsar næmnigreiningar eru gerðar eins og á vaxtaáhættu verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta, á breytingu á verðmæti gjaldmiðla og verðbólgu. Einnig eru ýmsar sviðsmyndir settar fram þar sem áhrif ýmissa þátta á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins eru metin. Til dæmis er verðbóluskot skoðað, miklar verðbreytingar á erlendum mörkuðum sem og sveiflur á gengi krónunnar.

Einnig er VaR (Value at Risk) notað til að meta flökt/sveiflur eignasafna.

► Fjárfestingarstefna

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga samþykkti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2012 í nóvember. Miklar breytingar voru gerðar á vinnu við fjárfestingarstefnu á milli ára og hafði ný áhættustefna sjóðsins áhrif. Hver eignaflokkur var metinn út frá stöðu markaða og framtíðarhorfa þar sem litið var til samspils áhættu og ávöxtunar. Við mat á áhættustigi sjóðsins var litið til mats á skuldbindingum sjóðsins, framtíðargreiðsluflæði, aldursamsetningar sjóðfélaga og tryggingafræðilegrar stöðu. Auk þess var samspil eigna og skuldbindinga skoðað út frá hversu næmt safnið var með tilliti til verðbólgu og breytingu vaxta. Í kjölfarið voru gerðar ýmsar sviðsmyndir. Í framhaldi af þessari vinnu var sett fram fjárfestingarstefna sjóðsins ásamt fjárfestingarheimildum.


Í ljósi gjaldeyrishafta og í kjölfar bankahruns hafa fjárfestingarkostir lífeyrissjóða takmarkast mikið. Fjárfestingarstefna endurspeglar skort fjárfestingartækifæra sem í boði eru. Ef borin er saman eignasamsetning sjóðsins þann 31.12.2011

við fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2012 eru helstu breytingarnar þær að innistæður í banka lækka nokkuð, innlend skuldabréf lækka, innlend og erlend hlutabréf hækka og erlend skuldabréf lækka á móti.

Meðallíftími skuldabréfa, annarra en sjóðfélagalána, er 6,7 ár. Reynt verður að lengja líftíma skuldabréfasafnsins með því að leggja áherslu á lengri skuldabréfaflokka sem og að fjárfesta í fasteignaveðtryggðum fyrirtækjaskuldabréfum með langan líftíma. Markmið um meðallíftíma skuldabréfa er 6-8 ár.

Viðmið eignaflokka

Hver undirflokkur fyrir sig hefur sitt viðmið og er árangur hvers flokks borin reglulega saman við viðmið. Viðmiðin eru í töflu hér fyrir neðan.



Innlán	OMX13MNI vísitala ríkisbréfa með 3ja mánaða líftíma
Innlend skuldabréf	Samsett skuldabréfavísitala*
Innlend hlutabréf	OMX16GISK hlutabréfavísitala Kauphallar Íslands
Erlend hlutabréf	MSCI World Index Total Return hlutabréfavísitala Morgan Stanley
Erlend skuldabréf	BARCAP TR Bond Index skuldabréfavísitala Barclays Capital
Sérniðnar fjárfestingar	HFRI FoF Composite Index breið marksjóðasjóðavísitala frá Hedge Fund Research

* 80% OMX10YI [verðtryggt vísitala ríkisbréfa með 10 ára líftíma], 10% OMX15YI [verðtryggt vísitala ríkisbréfa með 5 ára líftíma], 10% OMX15YNI [óverðtryggt vísitala ríkisbréfa með 5 ára líftíma]

► Tryggingafræðileg staða


Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar var neikvæð um 6,8% í árslok 2011 að teknu tilliti til skerðingar réttinda 1. janúar 2012 um 5%. Staða áfallinna skuldbindinga var neikvæð um 6.238m.kr. eða -15,6% af áföllnum skuldbindingum. Staða vegna væntra framtíðariðgjalda var hins vegar jákvæð um 1.404m.kr. eða um 4,5% af framtíðarskuldbindingum. Samanlagt var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 4.834m.kr. Skerðing réttinda 1. janúar 2012 um 5% bætti tryggingafræðilega stöðu sjóðsins um u.þ.b. 2,5%.

Tryggingafræðileg athugun er gerð af tryggingafræðingi sjóðsins. Í henni felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga án þess að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Í samþykktum er kveðið á um að frávik megi ekki vera meira en 10% og er staða sjóðsins innan þeirra marka. Í lögum eru vikmörk almennt 10% á einstöku ári og ef munur hefur haldist meiri en 5% samfelld í fimm ár þá þarf að gera breytingar á samþykktum. Frá árinu 2009 hafa verið í gildi bráðabirgðalög sem hafa víkkað þessi vikmörk tímabundið.

Á aðalfundi sjóðsins árið 2009 var samþykkt fimm ára áætlun stjórnar um að ná tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi fyrir árslok 2013. Tryggingafræðileg staða í árslok 2008 var neikvæð um 16,8% og voru fundarmenn sammála um það að skerða ekki réttindi sjóðfélaga í einu lagi til að ná stöðunni í jafnvægi heldur gera það á lengri tíma.

Áætlun sjóðsins um að ná tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi fyrir árslok 2013 er sýnd á myndinni hér fyrir neðan. Áætlunin er teiknuð sem rauð lína og gerði ráð fyrir að tryggingafræðileg staða í árslok 2011 væri -6,7%. Á myndinni sést að miðað við stöðuna í árslok 2011 er sjóðurinn nánast á áætlun við rauðu línuna. Lífeyrissjóðir þurfa að skila 3,5% raunávöxtun árlega til að viðhalda sömu tryggingafræðilegu stöðu. Ef staðan á að batna þá þarf ávöxtunin að vera hærri en 3,5%.

Tryggingafræðileg staða frá 2007-2013



► Ávöxtun og þróun markaða

Árið 2011 einkenndist af fáum nýjum fjárfestingarkostum og minnkandi framboði af verðbréfum. Hlutfé í Högum var tekið til viðskipta í Kauphöll Íslands í desember en það var eina nýskráning ársins á hlutabréfamarkaði. Einnig var lítið um aðrar skuldabréfaútgáfur en hjá ríki, Lánasjóði sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.



Ávöxtun á árinu 2011 á innlendum verðbréfamörkuðum var góð. Ríkisskuldabréf og önnur markaðsskuldabréf skiluðu mjög góðri ávöxtun á árinu þar sem ávöxtunarkrafan lækkaði jafnt og þétt yfir árið sem felur í sér hækkun á verðmæti skuldabréfa sem færð eru á markaðsvirði. Skuldabréfavísitala GAMMA, sem samanstendur af ríkistryggðum skuldabréfum, hækkaði um 12% á árinu. Stærstu innlendu hlutfélögin hækkuðu flest á árinu. Hlutabréf í Icelandair hækkuðu um 60%, Marel um 26% og Hagar um 21% (m.v. útboðsgengið). Gengi Össurar lækkaði um 9%.

Heimsvísitala Morgan Stanley í dollurum, sem er mest notaði mælikvarðinn um gengi erlendra hlutabréfa, lækkaði um 5,5% á árinu.

Verðlag hækkaði um 5,2% á árinu 2011 og gengi krónunnar veiktist um 4,8% gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Hlutfall erlendra eigna sjóðsins í árslok 2011 var 21,8%.

Sjóðurinn gjaldfærði 434 m.kr. á árinu vegna varúðarniðurfærslu verðbréfa í samtryggingardeild. Niðurfærslurnar voru að mestu leyti vegna skuldabréfa fjármálafyrirtækja. Óvissa er enn um verðmæti ákveðinna eigna sjóðsins, aðallega fyrirtækjaskuldabréfa, erlendra skuldabréfavafninga og uppgjör gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga.

Jákvæð þróun varð á ávöxtun samtryggingadeildar á milli ára. Nafnávöxtun var 6,4% á árinu 2011 og raunávöxtun 1,1% samanborið við 0,4% nafnávöxtun og -2,2% raunávöxtun á árinu 2010. Án varúðarniðurfærslu ársins hefði nafnávöxtun verið 7,8% og raunávöxtun 2,5%. Hrein eign í árslok 2011 til greiðslu lífeyris var 33.621 m.kr. og hækkaði um 12% á milli ára.



► Verðbréfaeign og fjárfestingar

Fjárfestingar ársins

Fjárfestingarþörf sjóðsins var um 3,7 ma. í samtryggingardeild á síðasta ári. Hér er átt við nýja fjármuni í formi iðgjalda, afborgana og vaxta af skuldabréfum sem ekki voru í stýringu, að frádregnum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði. Ekki eru talin með kaup og sala eignastýringaraðila.

Mestu var ráðstafað í ríkistryggð skuldabréf eða 2,1 ma. Um 725 m.kr. var ráðstafað í skuldabréf sveitarfélaga og 273 m.kr. fóru til greiðslu skuldbindinga vegna framtakssjóða. Ný sjóðfélagalán námu 352 m.kr. og 677 m.kr. var ráðstafað í innlend hlutabréf.

Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig fjárfestingar skiptast í eignaflokka á árinu af fjármunum sem eiga sér uppruna hjá sjóðnum sjálfum þ.e. eru ekki í stýringu hjá eignarstýringaraðilum.

	Kaup	Sala	Alls
Bankainnstæður		-234	-234
Sjóðfélagalán	352	0	352
Ríkisskuldabréf	2.125	0	2.125
Önnur innl.skbr.	1.037	-372	665
Innl. hlutabréf	677	-106	571
Erl. skuldabréf	1.504	-167	1.337
Erl. hlutabréf	484	-1.539	-1.055
Sértækar fjárfestingar	273	-83	190
Samtals:	6.452	-2.501	3.951


Verðbréfaeign í árslok

Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar að viðbættum bankainnstæðum 33,6 ma. í lok ársins. Samsetning verðbréfasafnsins var vel fyrir innan vikmörk fjárfestingarstefnu sjóðsins

Bankainnstæður voru 7,2% af heildar verðbréfaeignum sjóðsins í lok ársins. Sjóðfélagalán voru 19,3%, innlend skuldabréf voru 49,1% og innlend hlutabréf voru 5,9%. Erlend skuldabréf voru 5,1% og erlend hlutabréf 7,8%. Sérniðnar fjárfestingar námu 5,7% af verðbréfaeign sjóðsins í árslok.

Vægi skuldabréfa með ábyrgð ríkisins og sveitarfélaga jókst verulega í eignasafni sjóðsins á síðasta ári. Þannig voru ríkisbréf og íbúðabréf, þ.m.t. ríkisskuldabréfasjóðir, 29% af eignasafninu í árslok en voru til samanburðar 24% árið áður. Vægi sveitarfélagabréfa var 8,3% í árslok en var 7,7% árið áður.

Verðbréfaeign í árslok



► Sjóðfélagalán


Sjóðfélagar öðlast lánsrétt eftir að hafa greitt iðgjöld í sjóðinn í samtals 6 mánuði og þurfa að vera virkir greiðendur með iðgjöld í skilum. Á árinu 2011 voru gerðar talsverðar breytingar á lánareglum sjóðsins. Hámarksfjárhæð frumláns með 3,7% verðtryggðum vöxtum var hækkuð og er nú 15 m.kr. og vextir viðbótarlána voru lækkaðir í 4,3% en fjárhæð er óbreytt í 10 m.kr. Hámarksveðhlutfall fasteigna var hækkað úr 65% í 75% á fullkláruðum fasteignum. Lánstími var hækkaður úr að hámarki 25 ár í að vera að hámarki 40 ár. Lántakandi getur nú valið milli láns með jöfnum greiðslum eða jöfnum afborgunum.

Ný lán til sjóðfélaga námu 352 m.kr. sem er aukning um 67% frá fyrra ári.


Í árslok 2011 var heildarfjárhæð sjóðfélagalána 6.484 m.kr. og hækkaði um 0,9% frá fyrra ári. Fjöldi lána var 1.893. Sjóðfélagar eru góðir greiðendur en vanskil sjóðfélaga í árslok námu 22 m.kr. eða aðeins 0,3% af heildarfjárhæð útlána til sjóðfélaga. Á árinu þurfti sjóðurinn að færa niður 3 lán vegna 110% leiðar en 26 sjóðfélagar nýttu sér skuldaúrræði um greiðsluáðlögun og sértæka skuldaáðlögun. Varúðarafskrift vegna sjóðfélagalána á árinu var 50 m.kr. sem ætlað er að taki til lána sem þarf að færa niður að einhverju leyti vegna skuldaáðlögunar sjóðfélaga.

Lánsréttur sjóðfélaga miðast við að greidd séu lágmarksiðgjöld í sjóðinn sem er m.v. vísitölu launa 1.jan 2010 kr. 300.000. Lágmarksiðgjald breytist í samræmi við grunnvísitölu launa 1.janúar 2010 (366,9). Hætti sjóðfélagar að greiða í sjóðinn eða greiða iðgjald undir lágmarksviðmiðum má hækka vextina um 1,2% á frumlánnum sem bera 3,7% vexti.

Ný sjóðfélagalán í milljónum króna



Samanburður vaxta Íb.lsj. og Lífsverk



► Séreign

Sjóðfélögum býðst að gera samning um séreignarsparnað við Lífsverk og að fá hluta af samtryggingariðgjaldi greitt í séreignarsjóð þar sem sjóðurinn er blandaður sjóður samtryggingar- og séreignardeildar. Séreignarlífeyrissparnaður veitir sjóðfélögum aukid svigrúm til úttekta á lífeyri. Þannig er heimilt skv. lögum nr. 129/1997 að hefja úttekt á séreignarsparnaði frá 60 ára aldri með eingreiðslu eða jöfnum greiðslum á ákveðnu tímabili. Séreignarsjóðir erfast 100% við fráfall sjóðfélaga og gildir það um allar inngreiðslur í séreignarsjóði. Frá árinu 2009 hefur verið veitt undanþága frá lögnum og sjóðfélögum verið heimilt að taka út sparnað sinn allt að fjárhæð 6.250.000 kr. – sú heimild á eingöngu við um aðila með sérstakan samning um viðbótarlífeyrissparnað við sjóðinn og gildir því ekki um framlög vegna umframíðgjalds til samtryggingardeildar.

Boðnar eru þrjár mismunandi leiðir í séreignarsparnaði. Leið 1 fjárfestir eingöngu í innlendum skuldabréfum. Leið 2 fjárfestir bæði í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Leið 3 fjárfestir eingöngu í innlánnum og ríkistryggðum verðbréfum. Þriðja leiðin var sett á stofn eftir bankahrunið og hóf starfsemi í ágúst 2009.

Séreignarleiðirnar skiluðu ágætri ávöxtun á árinu 2011. Leið 1 skilaði 2,7% raunávöxtun, leið 2 skilaði 3,7% raunávöxtun og leið 3 skilaði 0,6% raunávöxtun. Framlag ríkisskuldabréfa í ávöxtun séreignarleiða var hæst í leið 1 og 2 en framlag innlána í leið 3. Séreignarleiðirnar eru gerðar upp á markaðsverði og er reiknað gengi daglega.


Fjárfestingarstefna séreignarleiðanna kveður á um markmið eignasamsetningar verðbréfa eftir helstu eignarflokkum í lok næsta árs með ákveðnum vilmörkum.

Séreignarleið 1

Nafnávöxtun séreignarleiðar 1 var 8,1% á árinu 2011, og hrein raunávöxtun 2,7%. Iðgjöld námu 605 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 168 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris var 4.472 m.kr. í árslok. Alls greiddu 2.617 sjóðfélagar iðgjald í leið 1 á árinu 2011 og 128 fengu greiddan lífeyri.


Séreignarleið 1

Fjárfestingarstefna 2012



Séreignarleið 1

Eignasamsetning 31.12.2011



Séreignarleið 2


Nafnávöxtun séreignarleiðar 2 var 9,2% á árinu 2010 og hrein raunávöxtun var 3,7%. Iðgjöld námu 83 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 15,8 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 456 m.kr. Alls greiddu 265 sjóðfélagar iðgjald í leið 2 á árinu 2011 og 23 fengu greiddan lífeyri.

Séreignarleið 3

Nafnávöxtun séreignarleiðar 3 var 5,8% á árinu 2010 og hrein raunávöxtun 0,6%. Iðgjöld námu 20 m.kr. og lífeyrisgreiðslur voru 0,3 mkr. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 42,8 m.kr. Alls greiddu 32 sjóðfélagi iðgjald í leið 3 á árinu 2011 og einn fékk greiddan lífeyri.


Séreignarleið 2

Fjárfestingarstefna 2012




Séreignarleið 3

Fjárfestingarstefna 2012




Séreignarleið 2

Eignasamsetning 31.12.2011



Séreignarleið 3

Eignasamsetning 31.12.2011



► Stjórn og starfsmenn

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og þremur til vara. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn í kjöri á aðalfundi og einn varamaður en þriðja hvert ár er einn aðalmaður í kjöri og einn til vara.

Á aðalfundi í maí 2011 voru Agni Ásgeirsson og Ágúst Valfells kjörnir í aðalstjórn til þriggja ára og Þrándur Ólafsson í varastjórn til þriggja ára.


Á aðalfundi í maí 2012 eru tveir aðalmenn í kjöri og einn varamaður til þriggja ára.

Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):

Þráinn Valur Hreggviðsson, formaður (2012)
Agni Ásgeirsson, varaformaður (2014)
Elísabet Árnadóttir (2012)
Jón Lárus Stefánsson (2013)
Ágúst Valfells (2014)

Varamaður:

Ásdís Kristjánsdóttir (2012)
Þrándur Ólafsson (2014)



Stjórnin kom saman 17 sinnum frá síðasta aðalfundi.

Starfsmenn

Alls störfuðu sjö starfsmenn hjá sjóðnum í fullu starfi á árinu 2011. Rut Hreinsdóttir hóf störf sem fjármálastjóri í júní 2011. Jón Tryggvi Jóhannsson lögfræðingur lét af störfum í janúar 2012.

Starfsmenn sjóðsins í árslok:

Auður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri
Erla Jóna Sigurðardóttir, móttaka og iðgjaldaskráning
Jón Tryggvi Jóhannsson, lögfræðingur
Lýður H. Gunnarsson, eignastýring
Óla Helga Sigfinnsdóttir, aðalbókari og lífeyrismál
Rut Hreinsdóttir, fjármálastjóri
Þórhallur S. Barðason, verðbréfaskráning

Stjórn Lífeyrissjóðs
verkfræðinga 2011.

Efri röð frá vinstri:

Elísabet, Jón Lárus og Ágúst.

Neðri röð frá vinstri:

Þráinn Valur og Agni.

Ársreikningur

LÍFEYRISSJÓÐUR
VERKFRÆÐINGA

► Áritun og skýrsla stjórnar

2011 var ár umbóta í starfi sjóðsins.

Ráðist var í stefnumótun sem lið í uppbyggingu sjóðsins til framtíðar. Í kjölfarið var lokið við gerð áhættustefnu sem skilgreinir áhættustýringu sjóðsins, gerð fjárfestingarstefnu var breytt auk þess sem gerðar hafa verið breytingar á verkefnum og innra starfi sjóðsins. Markmiðið er að ná jafnvægi í ávöxtun eigna til langs tíma.

Rétt er að geta þess að í fyrsta sinn í sögu sjóðsins eignaðist hann „logo“ sem nú er notað á allt kynningarefni og bréfsfni sjóðsins. Er það margflötungur í bláum lit sem unninn er upp úr grunnflötum í gullinsniði.

Eins og áður hefur komið fram lét stjórn vinna óháða athugun á starfsemi sjóðsins á árunum 2007-2009 og kynnti niðurstöður hennar fyrir sjóðfélögum á sjóðfélagafundi í febrúar 2011. Úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða kynnti síðan skýrslu sína í febrúar 2012. Ýmsar góðar ábendingar komu þar fram en stjórn telur að sjóðurinn hafi þá þegar, áður en skýrsla LL kom út, verið búin að bregðast við mörgum helstu ábendingum nefndarinnar varðandi starfshætti sjóðsins sjálfs. Varðandi ábendingar um starfshætti lífeyrissjóðanna í heild sinni telur stjórnin jafnframt til mikilla bóta að lífeyrissjóðir tækju sig saman um þær varnir að setja viðmið vegna skilmála fyrirtækjaskuldabréfa og að farið væri í uppfærslu á lögum um lífeyrissjóði, sérstaklega m.t.t. einföldunar á heimildum fjárfestinga lífeyrissjóða.

Í samræmi við áætlun sem samþykkt var af sjóðfélögum á aðalfundi 2009 um að ná jafnvægi í tryggingafræðilega stöðu sjóðsins fyrir árslok 2013 þurfti að grípa til 5% skerðingar á réttindum sjóðfélaga og lífeyrisþega þann 1.1.2012. Var sú skerðing samþykkt sérstaklega á aðalfundi 2011. Eftir sem áður reyndist tryggingafræðileg staða vera neikvæð um 6,8% í árslok 2011 og verður því að gera ráð fyrir frekari skerðingum réttinda til að ná settu markmiði.

Í árslok 2011 áttu 3.743 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Í samtryggingardeild var meðalfjöldi virkra sjóðfélaga 2.588. Samanlögð iðgjöld ársins 2011 námu 2.213m.kr. og hækkuðu um 5,1% frá fyrra ári. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 241, lífeyrisgreiðslur voru 452m.kr., og lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum var 20,4%. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga í séreignardeild var 2.914. Iðgjöld námu 708m.kr. og hækkuðu um 6,5%. Fjöldi lífeyrisþega var 152, lífeyrisgreiðslur voru 184m.kr. og þar af var sérstök útborgun séreignar vegna lagaheimilda 131m.kr. á árinu.

Á árinu 2011 störfuðu 7,5 starfsmenn að jafnaði í fullu starfi hjá sjóðnum. Nýr fjármálastjóri, Rut Hreinsdóttir, hóf störf í júní 2011 og sérfræðingur hjá sjóðnum lét af störfum í janúar 2012.

Heildarfjárhæð launa var um 64m.kr. og launatengd gjöld voru um 14m.kr. Þar af voru laun stjórnarmanna rúmlega 4m.kr. og laun framkvæmdastjóra um 13m.kr.

Sjóðurinn rekur eina samtryggingardeild og þrjár leiðir í séreignardeild.

Jákvæð þróun varð á ávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins á milli ára. Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 6,4% á árinu 2011 og raunávöxtun 1,1% samanborið við 0,4 % nafnávöxtun og -2,2% raunávöxtun á árinu á undan. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris var 33.621m.kr. og hækkaði um 12% á milli ára. Vísitala neysluerðs hækkaði um 5,2% á árinu. Nafnávöxtun án niðurfærslna á árinu 2011 var 7,8% og raunávöxtun 2,6%.

Nafnávöxtun séreignarleidar 1 var 8,1% og raunávöxtun var 2,8%. Hrein eign í árslok var 4.472m.kr. og jókst um 25% á milli ára. Nafnávöxtun séreignarleidar 2 var 9,2% og raunávöxtun 3,8%. Hrein eign í árslok nam 456m.kr og hækkaði um 29% á milli ára. Nafnávöxtun séreignarleidar 3 var 5,8% og raunávöxtun 0,6%. Hrein eign í árslok var 43m.kr. og ríflega tvöfaldaðist á árinu.

Ríkistryggð skuldabréf gáfu bestu ávöxtun eignaflokka í séreignardeild. Varúðarniðurfærsla var gerð í séreignardeild 1 vegna skuldabréfa fyrirtækja árið 2010 og nam hún 121m. kr. Hafði það áhrif til lækkunar á nafnávöxtun deildarinnar um 3,07%.

Varúðarniðurfærslur samtryggingardeildar námu á árinu 2011 434m.kr. en voru árið 2010 1.262m.kr. Niðurfærslur á árinu 2011 voru að mestu leyti vegna skuldabréfa fjármála-fyrirtækja. Óvissa er ennþá um verðmæti ákveðinna eigna safnsins s.s. skuldabréf fyrirtækja og uppgjör gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga. Gerður var samningur við slitastjórn Landsbanka Íslands um uppgjör afleiðusamninga og útlit er fyrir að samningur við slitastjórn Glitnis náist fljótlega. Eins og nánar kemur fram í skýringu í ársreikningi þá getur niðurstaða þessara þátta haft áhrif á afkomu og efnahag sjóðsins.

